



Atvinnuleysi enn á niðurleið

Allar mælingar í sömu átt

Atvinnuleysið hefur minnkað stöðugt á undanförunum misserum. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi var það 4,5% á 1. ársfjórðungi 2014 samanborið við 5,4% á sama tíma 2013 og 7,2% 2012. Atvinnuleysið hafði því lækkað um 0,9 prósentur undanfarið ár sem er meira en spár gerðu ráð fyrir. Í maí var skráð atvinnuleysi 3,6% sem er lægsta gildi frá nóvember 2008.

Atvinnuleysi á mælikvarða Hagstofunnar (úrtakskönnun) var 5,4% á árinu 2013 og 4,4% samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar (fjöldi á atvinnuleysisskrá). Nú í maí var atvinnuleysi samkvæmt tölum Hagstofunnar 7,1%, en mikil árstíðasveifla er jafnan í þeim tölum.

Sé litið á 12 mánaða meðaltöl er þróunin á niðurleið samkvæmt báðum mælingum. Í nýlegri spá Hagfræðideildar er gert ráð fyrir að skráð atvinnuleysi, eins og Vinnumálastofnun mælir það, verði 3,8% að meðaltali 2014, 3,6% á árinu 2015 og 3,5% 2016.


Ekki miklar breytingar varðandi búsetu og kyn

Atvinnuleysi minnkaði örlítið á höfuðborgarsvæðinu milli apríl og maí en stóð í stað á landsbyggðinni. Skráð atvinnuleysi er eftir sem áður um einni prósentu meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, en munurinn fer minnkandi.

Skráð atvinnuleysi karla lækkaði um 0,1% frá apríl til maí, en atvinnuleysi kvenna stóð í stað. Atvinnuleysi karla hefur minnkað mun meira en kvenna frá árinu 2012, en síðastliðið ár hefur þróunin verið áþekkt niður á við.


Við reiknum því með að atvinnuleysið haldi áfram að minnka, en hægar en verið hefur. Slakinn í hagkerfinu hefur minnkað og atvinnuleysi er að nálgast jafnvægisstig.

Atvinnuleysi skv. mælingum
Hagstofu og Vinnumálastofnunar




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild

Atvinnuleysi eftir búsetu



Heimild: Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi eftir kyni



Heimild: Vinnumálastofnun



Atvinnuþátttaka stöðug



Atvinnuþátttaka í maí var 85,4%, liðurinn er mjög sveiflukennður og er þátttakan jafnan mest yfir sumarmánuðina. Ef litið er á 12 mánaða meðaltal sést að þróunin hefur verið nokkuð stöðug síðasta hálfa árið. Það virðist því sem atvinnuþátttaka hafi náð tímabundnu hámarki. Atvinnuþátttaka hér á landi er eftir sem áður mun meiri en í nágrannalöndunum.

Vinnustundir standa í stað

Vinnutími stýttist töluvert í kjölfar hrunsins. Þannig var venjulegur fjöldi vinnustunda samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar 41,2 stundir á árinu 2008, en 36,6 stundir á árinu 2013. Samkvæmt þessari mælingu hefur vinnutíminn því stýst um u.þ.b. eina og hálfa klukkustund á viku.

Vinumarkaðurinn á réttri leið

Eins og áður segir reiknum því með að atvinnuleysið haldi áfram að minnka, en hægar en verið hefur. Slakinn í hagkerfinu hefur minnkað og atvinnuleysi er að nálgast jafnvægisstig sem væntanlega er eitthvað hærra en talið hefur verið til þessa. Umræða um nauðsynlegan innflutnings vinnuafls vegna væntanlegra framkvæmda er þannig orðin mun meira áberandi en verið hefur.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.